

STEF, SFH, RSÍ, SÍK, MYNDSTEF og FJÖLÍS

Kassettugjaldið – framtíð höfundaréttar

Þátttakendur fundar voru fulltrúar allra þingflokka á Alþingi, ásamt Jakobi Frímanni Magnússyni formanni STEFs, Helgu Sigrúnu Harðardóttur framkvæmdastjóra FJÖLÍS, Ragnari Th. Sigurðssyni formanni MYNDSTEFs, Ragnheiði Tryggvadóttur framkvæmdastjóra RSÍ og Tómasi Þorvaldssyni lögmanni SÍK. Fundarstjóri var Kolbrún Halldórsdóttir forseti BÍL.

Tilfni fundarins var að verulegar breytingar í tækniumhverfi og aukið aðgengi að höfundaréttarvörðu efni hafa kallað á umræður um hvernig höfundarétturinn verður varinn í þessu nýja umhverfi. Í því sambandi hefur t.d. ekki verið breytt ákvæðum höfundalaga um eintakgerð til einkanota þrátt fyrir að eintakagerð eigi sér nú aðallega stað í snjallsímum og spjaldtölvum og að frumvarp liggja nú fyrir á þingi um þessar breytingar.

Á fundinum kom fram skýr vilji allra fulltrúa þingflokka til að verja höfundarétt, og voru allir sammála um mikilvægi gjaldsins. Þátttakendur minntu á markmið gjaldsins, og anda laganna - sem væri að bæta það tjón sem höfundar sæta af afritun verka sinna, eða að gefa almenningi heimild og rétt til afritunar verka, sem væri kannski heppilegra orðalag. Mikil áhersla var lögð á það að sömu sjónarmið og prinsipp myndu gilda á netheimum og í raunheimum, og virðust allir taka undir það. Að auki var ítrekað að mikilvægt væri að þessari "tækniþöku" í höfundarétti yrði aflétt og að við myndum muna eftir heildarmyndinni. Einnig voru margir þátttakendur sem tóku undir að það væri greinilega e-r misskilningur á ferð, og að umræðan um höfundarétt væri stundum á villigötum. Þó var líka bent á það að þó svo væri rétt, þá væri búið að finna leið sem virkar (eintakagerð til einkanota) og það þyrfti ekki að finna upp hjólið í þeim efnum. Allir fulltrúar voru tilbúnir til að tala fyrir þessu nýja frumvarpi og nefndu þau einnig öll í sínum lokaorðum að umræða um þessi mikilvægu réttindi væri hið besta mál og fögnuðu henni, og að það væri þarft að geta talað saman - í staðinn fyrir að vera föst í þökunni í sitt hvoru horninu.